

# FJÖLSKYLDUMÁL

## KÖNNUN FJÖLSKYLDURÁÐS

Á VIÐHORFUM ÍSLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA TIL MÁLEFNA  
FJÖLSKYLDUNNAR

*Fjölskyldustefna*

*Fjölskyldan og atvinnulífið*

*Förvarnir og fræðsla*

Félagsmálaráðuneytið

maí 2001 : 4



**KÖNNUN FJÖLSKYLDURÁÐS  
Á VIÐHORFUM  
ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
TIL MÁLEFNA  
FJÖLSKYLDUNNAR**



**Félagsmálaráðuneytið**

Maí 2001

ISBN 9979-868-40-6



# STEFNUMÖRKUN Í FJÖLSKYLDUMÁLEFNUM

## Könnun á viðhorfum íslenskra sveitarfélaga

### Inngangur

Á síðasta áratug beindist athygli að málefnum fjölskyldunnar í ríkari mæli en áður á Íslandi. Ytri og innri aðstæður fjölskyldna urðu viðfangsefni í doktorsritgerðum og fjölskyldurannsóknum og samfélagssumræðan endurspegladi aukinn áhuga á þeim málstað. Stjórnvöld settu málefni fjölskyldunnar á dagskrá og var meðal annars haldinn hér á landi norrænn ráðherrafundur árið 1996 þar sem fjölskyldur og aðstæður þeirra í velferðarsamfélögum Norðurlanda voru í brennidepli. Þá hafði alþjóðaár fjölskyldunnar 1994 talsverð áhrif. Íslenska landsnefndin stóð meðal annars fyrir öflugum málþingi, sem nefndist Fjölskyldan uppspretta lífsgilda, í byrjun ársins. Kennarar og annað fagfólk í skólum og á þjónustu- og meðferðarstofnunum á sviði heilbrigðis- og félagsmála, sem lætur sig sterklega varða uppeldisaðstæður og velferð barna, voru kölluð til leiks. Gefin var út samnefnd bók með erindum málþingsins og er þar að finna fjölbætt val ritgerða um íslenskar fjölskyldur.<sup>1</sup>

Annað af stærri verkefnum íslensku landsnefndarinnar um ár fjölskyldunnar var að láta vinna umfangsmikla rannsókn á landsvísu á uppeldisaðstæðum barna í ólíkum fjölskyldugerðum.<sup>2</sup> Haldin voru fjölmörg málþing á næstu árum, meðal annars á vegum samtakanna Heimili og skóli og Barnaheill þar sem samþykktar voru viljayfirlýsingar og skorað á stjórnvöld að láta til skarar skriða í markvissari aðgerðum til stuðnings barnafjölskyldum. Um sömu mundir beindist athygli íslenskra stjórnvalda að hugmynd um opinbera stefnumörkun í málefnum fjölskyldunnar með markvissari hætti en áður. Alþingi samþykkti árið 1997 þingsályktun um mótun opinberrar fjölskyldustefnu og aðgerðir til að styrkja stöðu hennar. Þar segir meðal annars:

Fjölskyldan er hornsteinninn íslensks samfélags og uppspretta lífsgilda. Ríkisstjórn og sveitarstjórnnum á hverjum tíma ber að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar í því skyni að styrkja hana og vernda án tillits til gerðar hennar og búsetu.

1) Ingibjörg Broddadóttir (1994) (ritstj.) Fjölskyldan uppspretta lífsgilda. Félagsmálaráðuneyti, Reykjavík.

2) Sigrún Júlíusdóttir, (ritstj.) Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson (1995). Barnafjölskyldur. Samfélag. Lífsgildi. Mótun. Félagsmálaráðuneyti, Reykjavík.

Samkvæmt þingsályktuninni var stofnað opinbert fjölskylduráð. Það var skipað árið 1998 og hefur það markmið að stuðla að eflingu og vernd fjölskyldunnar.<sup>3</sup> Hlutverk ráðsins er margþætt en meðal verkefna þess er að veita stjórnvöldum ráðgjöf í fjölskyldumálefnum, koma á framfæri ábendingum um úrbætur í þeim efnum og annast tillögugerð um framkvæmdaáætlanir með hliðsjón af heildarsýn yfir viðfangsefni einstakra ráðuneyta og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Auk þessa skal fjölskylduráð eiga frumkvæði að opinberri umræðu um málefni fjölskyldunnar, veita leiðbeinandi upplýsingar til fjölskyldna, hvetja til aðgerða og stuðla að frekari rannsóknum á högum og aðstæðum íslenskra fjölskyldna. Í samræmi við skilgreint hlutverk sitt vinnur fjölskylduráð nú að tillögugerð fyrir ríkisstjórnina um mótun opinberrar fjölskyldustefnu.

## Spurningakönnun til íslenskra sveitarfélaga

Liður í því að fá heildarsýn yfir stöðu fjölskyldumála var að kanna aðstæður og viðhorf sveitarfélaganna til málaflokksins. Eitt af allra fyrstu verkefnum fjölskylduráðs var því að leggja drög að spurningakönnun til allra sveitarfélaga á landinu. Hugmyndin styrktist einnig af því að sveitarfélögum ber samkvæmt þingsályktuninni að marka sér opinbera stefnu í málefnum fjölskyldunnar. Umsjón með könnuninni höfðu Sigrún Júlíusdóttir og Drífa Sigfúsdóttir í samvinnu við starfsmann ráðsins, fyrst Áslaugu Friðriksdóttur og síðan eftirmann hennar Hönnu Sigríði Gunnsteinsdóttur. Þær sáu um tölfræðilega úrvinnslu gagna. Allir ráðsmenn komu að gerð spurningalistans og hafa niðurstöður verið ræddar í ráðinu.

### *Markmið og aðferð*

Markmið könnunarinnar var að leita svara við því hvort sveitarstjórnir óskuðu eftir að fjölskylduráð mótaði „fyrirmynd að fjölskyldustefnu“ til að auðvelda þeim verkefnið. Með spurningakönnuninni yrði enn fremur unnt að fá nákvæmari upplýsingar um hvernig sveitarstjórnir hafa þegar unnið að málefnum fjölskyldunnar, hverjar áherslur þeirra eru og fá fram hugmyndir sveitarstjórnanna um fjölmörg atriði sem varða aðbúnað fjölskyldna. Þessar upplýsingar væru mikill fengur fyrir fjölskylduráð við stefnumörkun og tillögugerð. Þá má nefna að sú hugsun lá einnig að baki könnunarinnar að með því að varpa fram spurningunum yrðu vaktar upp ýmsar hugleiðingar og stuðlað að frekari umræðu um fjölskyldumálefni í sveitarfélögum.

Öllum sveitarstjórnnum á landinu var sent bréf þar sem meðal annars var sagt frá fjölskylduráði, hlutverki þess og mikilvægi samstarfs við sveitarfélögin.

3) Í fjölskylduráði eiga sæti Drífa Sigfúsdóttir, formaður, Dögg Pálsdóttir, hrl., Hrannar Björn Arnarsson, Sigrún Júlíusdóttir, prófessor, og Þráinn Hallgrímsson, skrifstofustjóri. Fjölskylduráð er með aðsetur í félagsmála-ráðuneytinu og starfsmaður ráðsins er Hanna Sigríður Gunnsteinsdóttir.

Spurningalistarnir voru sendir út í ágúst 1999 og var óskað eftir svörum innan sex vikna. Tímasetning var valin með tilliti til þess að menn væru komnir úr sumarfríum og tilbúnir að gefa gaum að stefnumörkun í byrjun hausts. Mun lengri tíma tók hins vegar að fá svörin frá sveitarfélögum. Senda þurfti ítrekunarbréf og var einnig gengið eftir svörum símleiðis frá nokkrum stærstu sveitarfélögum sem hugðust taka þátt. Könnuninni svöruðu að lokum 82 sveitarfélög af 124, eða 68% sveitarfélaga á landinu. Æskilegt hefði verið að ná 70% skilum en segja má að svarhlutfall sé viðunandi til þess að óhætt sé að draga af því almennar ályktanir. Innra brottfall, þ.e. svör við einstökum spurningum, er hins vegar talsvert og afar misjafnt hversu nákvæmlega var svarað en það er undantekning að öllum spurningum sé svarað til fulls. Síðustu svör bárust í mars árið 2000 og þá var hafist handa við skráningu svara og úrvinnslu gagna. Langflest sveitarfélögin sem svara hafa færri en 500 íbúa og aðeins átta af þeim stærstu svara, þeirra á meðal er stærsta sveitarfélagið, Reykjavík (sjá töflu 1). Margar ástæður geta verið fyrir hinni dræmu svörum. Í fyrsta lagi kann það að hafa vafist fyrir sveitarstjórnnum hve nákvæmlega átti að svara. Sumar spurningarnar tóku til margra þátta, kröfðust nokkurrar umhugsunar og öflun upplýsinga. Kunnugt er einnig úr spurningakönnunum að þegar viðfangsefnið er framandi eða ekki er fært að svara því alfarið jákvætt er tilhneiging til að hlaupa yfir spurningar eða atriði úr þeim. Þannig getur svarshegðunin gefið ákveðnar vísbendingar um aðstæður.

**Tafla 1. Fjöldi íbúa í sveitarfélögum.**

<i>Fjöldi íbúa í sveitarfélögum</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall þeirra í könnuninni</i>
500 eða færri íbúar	44	35%
501–1000 íbúar	9	7%
1001–5000 íbúar	18	14%
5001–10000 íbúar	3	3%
10001 íbúi eða fleiri	5	5%
Svara ekki könnuninni	42	36%
<b>Samtals</b>	<b>121*</b>	<b>100%</b>

\*Þrjú af sveitarfélögum sem skila svara ekki þessari spurningu.

Spurningalistinn var 21 spurning en hver þeirra skiptist í fleiri efnisatriði og svarkosti. Efnislega skiptist könnunin í þrjú hluta sem nánar er gerð grein fyrir hér á eftir. Áhersla var lögð á að hafa hluta spurninganna með bundnum svarkostum. Þó voru einnig notaðar opnar spurningar í allmiklum mæli. Slíkar spurningar gefa svör sem þjóna markmiðinu betur þegar gera á frumrannsókn á einhverju sviði og leita eftir hugmyndum. Þannig gefst frekar kostur á að fá frjáls og óheft svör ásamt fjölbreytilegri hugmyndum en ef notaðar eru eingöngu lokaðar spurningar. Úrvinnslan verður hins vegar talsvert flóknari og

erfiðari. Með þessum hætti gefa niðurstöður almenna yfirsýn, hugmynd um viðhorf og innsýn í stöðu mála hvað snertir aðgerðir og hugmyndir sveitarstjórna. En þetta þjónaði meginmarkmiði könnunarinnar betur en hugsanlega að geta gert nákvæman samanburð milli sveitarfélaga á aðstæðum og viðhorfum í málefni sem vitað var að ekki hefur náð að mótast mjög skýrt. Í ljósi hinnar ósamfelldu svörunar er vægi upplýsinga af þessu tagi mun gildara.

### *Framsetning efnis*

Niðurstöður könnunarinnar eru birtar í heild sinni í þessari skýrslu. Allar spurningarnar eru raktar og farið yfir svör við hverri þeirra fyrir sig. Oft eru svörin keimlík og sama atriðið kemur fyrir hjá mörgum sveitarfélögum. Hins vegar kom líka fyrir að flokka þurfti svörin til að fá betri yfirsýn yfir hvaða málefni væri helst verið að vísa til. Í þeim tilvikum sem svörin eru flokkuð er til frekari fróðleiks farið ofan í helstu atriðin sem mynda þann flokk. Oft og tíðum var erfitt að flokka svörin þar sem atriðin voru mjög misnákvæm eins og við er að búast þegar um opnar spurningar er að ræða. Annars vegar var oft vísað á málaflokk, t.d. „góð staða í skólamálu“ og hins vegar á mun nákvæmari atriði innan einhvers sviðs eins og t.d. sveigjanlegan vistunartíma á leikskólum. Reynt var að flokka atriðin þannig að þau eigi aðeins heima innan eins flokks. Í mörgum tilvikum getur þessi skipting vitaskuld orkað tvímælis. Þar er að finna yfirlit yfir nákvæm svör við öllum spurningum frá sveitarfélögunum. Við hverja töflu hér á eftir kemur fram hversu mörg sveitarfélög svöruðu spurningunni sem um ræðir og er sá fjöldi táknður með bókstafnum N. Tölurnar sem fjallað er um í könnuninni eru lágar og þegar þær skiptast í dálka segja þær í raun lítið um hlutföll. Eigi að síður er farin sú leið að birta einnig hlutfallsútreikninga.

Fyrsti hlutinn fjallar um *fjölskyldustefnu almennt*. Spurt er hvort sveitarfélögin hafi þegar hafist handa við mótun fjölskyldustefnu, hvort ákveðið hafi verið að hefja það starf og þá hvenær, ásamt því hvenær áætlað sé að slíkri markaðssetningu verði lokið. Í þessum hluta er einnig spurt hverjir séu helstu kostir þess að búa í sveitarfélaginu ásamt atriðum sem helst gætu bætt stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu.

Annar hlutinn fjallar um fjölskylduna og atvinnulífið og hvaða aðgerðum sveitarfélög hafa beitt til að bæta hag fjölskyldunnar. Kannað er hvort sérreglur um fæðingarorlof séu í gildi, hvort starfsmenn sveitarfélaga eigi kost á sveigjanlegum vinnutíma, hvort leikskólar bjóði upp á sveigjanlegan vistunartíma, hver séu vistunargjöld vegna barna og um þjónustu í grunnskólum.

Þriðji og síðasti hlutinn fjallar um hvernig sveitarfélög standa að forvörnum og fræðslu í málefnum fjölskyldunnar. Spurt er um fræðslu, ráðgjafarþjónustu, sérfræðinga og samstarf við aðila sem tengjast málefnum fjölskyldunnar. Þá er sveitarfélögum gefinn kostur á að gera grein fyrir aðgerðum sínum á

þessu sviði, ásamt því að koma á framfæri atriðum sem fjölskylduráð ætti að þeirra mati að leggja áherslu á að beita sér fyrir.

## Niðurstöður

*Viðhorf sveitarfélaga til fjölskyldustefnu*

*1. Hefur sveitarstjórnin mótað fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið?*

Aðeins eitt sveitarfélag svarar játandi og gefur ekki upp hvenær hún var samþykkt.

*2. Hefur sveitarstjórnin hafið undirbúning að mótun fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið?*

Átta sveitarfélög svara játandi og segjast hafa hafið undirbúning að mótun fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið og greina frá því hvenær undirbúningur hófst. Fimm segja að mótun hafi hafist árið 1999, en hin þrjú árið 1995, 1997 og 1998.

*3. Áætlið hvenær vinna við fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu hefst?*

Þessari spurningu svöruðu 26 sveitarfélög (sjá töflu 2). Flest, eða rúmlega helmingur þeirra sem svarar, segjast stefna að því að hefja gerð fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu á árinu 2000. Þrjú sveitarfélög áætluðu að hefja vinnuna á árinu 1999.

**Tafla 2. Gerð fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu (N=26).**

<i>Svör</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Ekki ákveðið	4	15%
Bíða eftir fyrirmynd	2	8%
Hefst á næstu árum	3	12%
Stefnt að árinu 2000	14	53%
Árið 1999	3	12%
<b>Samtals</b>	<b>26</b>	<b>100%</b>

*4. Áætlið hvenær vinnu við fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu lýkur?*

Spurningunni svaraði 21 sveitarfélag. Mörg svöruðu, eins og áður kom fram, að það væri ekki vitað en þau 17 sem gáfu ákveðið svar nefndu að vinnu við fyrsta áfanga lyki á bilinu 2000–2001.

*5. Nefnið 3–4 helstu kosti þess að búa í sveitarfélaginu með tilliti til barna-fjölskyldna.*

Þessari spurningu svöruðu 75 sveitarfélög en hvert þeirra nefndi allt að fjögur

4) Hér reyndist um misskilning að ræða, ekkert sveitarfélag hefur mótað fjölskyldustefnu.

atriði. Fjöldinn segir þannig til um hversu oft eitthvað atriði/flokkur var nefndur (sjá töflu 4). Þau atriði sem nefnd eru til kosta sveitarfélagsins eru í langflestum tilvika atriði sem snúa að skólastarfi. Í heldur minna mæli er öflugt æskulýðs- og íþróttastarf talið til kosta þess að búa í viðkomandi sveitarfélagi. Þjónusta, nálægð við náttúruna og eðli þess að búa í smáum samfélögum (náttúra, umhverfi, smæð samfélags) eru taldir miklir kostir fyrir fjölskyldur.

Innan skólamála er algengast að merkt sé við gildi þess að hafa einsetinn grunnskóla, góða grunnskóla/leikskóla, góða stöðu í skólamálum, tónlistarskóla, sveigjanleika í vistun, skólaakstur, framhaldsskóla, mótuneyti í skóla og niðurgreiðslu dagvistunar. Svörin sem falla undir þjónustu áttu við um félagslega þjónustu, heilsugæslu og að stutt væri í þjónustu. Svör sem féllu undir náttúru, umhverfi og smæð samfélagsins snertu atriði eins og nálægð (náttúra, umhverfi og tengsl) og öryggi (umferð og aðstæður). Dæmi um önnur atriði sem nefnd eru í örfáum tilvikum eru sumarvinna fyrir börn, gott mannlíf, öflugt forvarnastarf og greiðslur til barnafjölskyldna.

**Tafla 3. Kostir þess að búa í sveitarfélaginu, helstu svör (N=75).**

<i>Svör</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Skólamál	52	44%
Öflugt æskulýðs- og íþróttastarf	17	14%
Þjónusta	17	14%
Náttúra, umhverfi, smæð samfélagsins	17	14%
Foreldrar vinna heima	6	6%
Tengsl barna við atvinnulíf	6	6%
Nágrannavakt	3	2%
<b>Samtals</b>	<b>118</b>	<b>100%</b>

#### 6. Nefnið 3–4 atriði sem bætt gætu stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu.

Spurningunni svöruðu 58 sveitarfélög. Tvö svið, skóla- og atvinnumál, eru talin hafa mest vægi í þá átt að bæta stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu. Rúmur þriðjungur nefnir atriði sem heyra undir skólamál og tæpur þriðjungur atriði sem heyra undir atvinnumál (sjá töflu 4). Dæmi um atriði sem flokkast undir skólamál eru heilsdagsskóli, fjölgun leikskólalássa, lenging á skóla-degi, fjölgun leikvalla, skólabílar, framhaldsskólar, bætt aðgengi að menntun, grunnskólar og fjölbreytni í fjarkennslu.

Atriði í flokknum atvinnumál eru helst hækkun launa í bændastétt, styttri vinnutími, sveigjanlegri vinnutími, lenging fæðingarorlofs og fjölgun at-

vinnutækifæra. Þá hafa menningar-, samgöngu- og umhverfismál talsvert vægi. Undir menningar- og tómstundamál falla atriði eins og að bæta menningarlíf, bætt tómstundastarfsemi og að sinna ungmennum á aldrinum 16–20 ára. Undir samgöngur, öryggi og umhverfi eru atriði eins og bætta samgöngur, aukin löggæsla, aukið umferðaröryggi og betri almenningssamgöngur.

**Tafla 4. Atriði sem bætt gætu stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu (N=58).**

<i>Svar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Skólamál	36	34%
Atvinnumál	31	29%
Menningar- og tómstundamál	13	13%
Samgöngur, öryggi, umhverfi	11	11%
Ráðgjöf og aukinn fjárhagslegur stuðningur til fjölskyldna	7	7%
Samræming atvinnu- og fjölskyldustefnu	3	3%
Aukið fjármagn frá ríki til sveitarfélaga	3	3%
<b>Samtals</b>	<b>104</b>	<b>100%</b>

Því næst eða í 10% tilvika eru nefnd ráðgjöf og fjárhagslegur stuðningur ásamt samræmingu atvinnu- og fjölskyldustefnu fyrir barnafjölskyldur. Undir ráðgjöf og aukinn fjárhagslegan stuðning til fjölskyldna fellur aukin ráðgjöf og stuðningur við fjölskyldur, hækkun barnabóta og aukið samráð og samræming í málefnum fjölskyldunnar. Það síðastnefnda snýr að samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs. Einnig voru nefnd atriði eins og fjölgun leiguíbúða og efld heilsugæsla (sjá töflu 4).

#### *Fjölskyldan og atvinnulífið*

##### *Aðgerðir sveitarfélagsins til að bæta hag fjölskyldunnar*

##### *1. Gilda einhverjar sérreglur um fæðingarorlof mæðra sem vinna hjá sveitarfélaginu (t.d. lengra orlof eða betri launakjör o.s.frv.)?*

Öll nema eitt sveitarfélag svara þessari spurningu neitandi. Í því tilviki er svarið á þá leið að reynt sé að mæta óskum um launalaust leyfi til viðbótar almennu fæðingarorlofi. Sveitarfélögin hafa þannig ekki almennar sérreglur um fæðingarorlof mæðra.

*2. Gilda einhverjar sérreglur um fæðingarorlof feðra sem vinna hjá sveitarfélaginu?*

Yfirleitt er svarið nei en í sex tilvikum var svarið já og var þá spurt hverjar sérreglurnar væru. Athyglisvert er að fram kom að í einu sveitarfélagi fá feður tveggja mánaða fæðingarorlof. Þrjú sveitarfélög nefna að feður fái tveggja vikna fæðingarorlof, hjá einu sveitarfélagi er tekið fram að orlofið eigi aðeins við um kennara og eitt sveitarfélag vísar í tilraunaverkefni frá árinu 1997.

*3. Eiga starfsmenn sveitarfélagsins kost á sveigjanlegum vinnutíma?*

Þessari spurningu svöruðu 39 sveitarfélög neitandi en 42 játandi. Í þeim tilvikum sem starfsmenn áttu kost á sveigjanlegum vinnutíma voru sveitarfélögin beðin um nánari útskýringar, t.d. fyrir hverja það gildir og í hvaða mæli starfsmenn nýttu sér þetta. Aðeins 22 svara þessu nánar. Sjö sveitarfélög greina frá því að sveigjanleiki vinnunnar fari eftir eðli starfa, önnur sjö að sveigjanleiki vinnutíma teljist í hliðrun á átta tíma vinnudegi eftir störfum. Átta sveitarfélög greina frá nýtingunni, fimm segja að nýtingin sé lítil en þrjú að hún sé mikil.

Meðal annars kom fram í svörum sumra sveitarfélaga að engir starfsmenn væru í vinnu hjá sveitarfélaginu eða að þeir sem ynnu fyrir sveitarfélagið sinnu því í aukavinnu og þá væri eðli málsins samkvæmt um sveigjanlegan vinnutíma að ræða þótt það væri ekki nánar skilgreint.

*4. Eiga foreldrar kost á sveigjanlegum vistunartíma fyrir börn sín á leikskólum?*

Í 48 sveitarfélögum eiga foreldrar kost á sveigjanlegum vistunartíma fyrir börn sín. Beðið var um nánari skýringar á hvernig sveigjanlegri vistun væri háttað væri hún til staðar, t.d. fyrir hverja og í hvaða mæli sveigjanleikinn er nýttur. Nánari skýringar gáfu 40 sveitarfélög. Svörin voru flest á þá leið að foreldrar gætu valið hversu lengi barnið dvelur á leikskóla. Athyglisvert er að í tíu sveitarfélögum er komið til móts við foreldra eftir þörfum (sjá töflu 5).

**Tafla 5. Útskýringar á sveigjanlegum vistunartíma (N=40).**

<i>Svar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Foreldrar velja tímafjölda	16	40%
Komið til móts eftir þörfum	10	25%
Sami tími alla daga	3	7,5%
Val fyrir eða eftir hádegi	1	2,5%
Hægt að koma hvenær sem er	1	2,5%
Annað	9	22,5%
<b>Samtals</b>	<b>40</b>	<b>100%</b>

Undir annað eru svör eins og að engir leikskólar séu í sveitarfélaginu og að komið sé til móts við fjölskyldur ef veikindi eða annað slíkt ber að.

### 5. Greiða foreldrar sama vistunargjald á leikskólum í sveitarfélaginu óháð hjúskaparstétt?

Játandi svöruðu 34 sveitarfélög en 54 sögðu vistunargjald breytilegt eftir aðstæðum. Algengast er að einstæðir foreldrar fái afslátt á vistunargjöldum, eða í 37 tilvikum, en í færri tilvikum er gefinn afsláttur til námsmanna, vegna systkina og í einu tilviki að greitt sé heim með börnum sem ekki eru á leikskóla. Sundurliðun svaranna kemur fram í töflu 6.

**Tafla 6. Er sama vistunargjald á leikskólum óháð hjúskaparstétt (N=54)?\***

<i>Svar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Einstæðir foreldrar fá afslátt	37	68%
Námsmenn fá afslátt	8	15%
Systkinaafsláttur	8	15%
Heimgreiðslur	1	2%
<b>Samtals</b>	<b>54</b>	<b>100%</b>

\* Eingöngu þau sveitarfélög sem svöruðu að vistunargjald væri breytilegt eftir aðstæðum.

Mörg sveitarfélög gáfu upp nánari upplýsingar um niðurgreiðslu og í flestum tilfellum fá einstæðir foreldrar um 50% afslátt á gjöldum.

### 6. Niðurgreiðir sveitarfélagið vistunargjöld hjá dagmæðrum?

Grennslast var fyrir um hvaða hópar njóta niðurgreiðslu vistunargjalda hjá dagmæðrum. Meðal þeirra sem svöruðu sögðust 38 niðurgreiða vistun hjá dagmæðrum og benda niðurstöðurnar til að það sama eigi hér við og hvað snertir leikskóla, þ.e. að algengast sé að einstæðir foreldrar fái vistunargjöld niðurgreidd.

### 7. Eiga grunnskólanemendur kost á máltíð í skólanum?

Þessari spurningu svöruðu 24 sveitarfélög neitandi en 56 sveitarfélög svöruðu því játandi að grunnskólanemendur eigi kost á máltíð í skólanum. Af þeim sögðust 43 sveitarfélög bjóða nemendum heitar máltíðir en 23 sveitarfélög greindu frá því að um aðrar máltíðir væri að ræða (sjá töflu 7).

**Tafla 7. Útskýringar þeirra sem gáfu upp aðrar máltíðir (N=23).**

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Morgunmatur	8	28,6%
Hádegishressing	8	28,6%
Nemendur með langan skóladag	5	17,9%
Nemendur úr dreifbýli, í heimavist	4	14,3%
Hollt og gott, ávextir	2	7%
Yngri nemendur	1	3,6%
<b>Samtals</b>	<b>28</b>	<b>100%</b>

8. Er eitthvað af eftirfarandi fellt inn í stundaskrá grunnskóla?

a) Tónlistarkennsla

Af þeim sem svöruðu greindu 52 sveitarfélög frá því að tónlistarkennsla væri felld inn í stundaskrá grunnskólans. Langalgengast, eða í 20 tilvikum, er kennt á flautu og því næst píanó og gítar. Annað er sjaldgæfara.

Meðal 43 sveitarfélaga sem skýrðu nánar frá tónlistarkennslunni var greint frá að um forskólakennslu væri að ræða og þar með væru ekki kennd stig. Einnig kom fram að alls ekki væri kennt á hljóðfæri, að um almenna tónlistarkennslu væri að ræða, tónlistarnám í tónskóla væri valfag, kennsla færi eftir því í hvaða kennara næðist og að unnt væri að taka þátt í kórstarfi.

b) Íþróttakennsla

Svarendur voru beðnir að krossa við hvaða íþróttir væru kenndar innan skólans. Meðal 45 sveitarfélaga sem svöruðu þessu kom fram að svo virðist sem nemendur ættu kost á og veldu á milli allmargra kosta. Í töflu 8 sést hvaða möguleikar voru gefnir upp og í hvaða mæli sveitarfélög krossuðu við þá. Langalgengastar eru boltaíþróttir, frjálssar, sund og dans.

*Tafla 8. Íþróttakennsla í skólum (N=45).*

<i>Valmöguleikar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Fótbolti	36	11%
Blak	28	8,3%
Fimleikar	21	6,26%
Handbolli	32	9,55%
Badminton	20	6%
Skák	19	5,67%
Körfubolti	35	10,4%
Júdó	2	0,6%
Sund	44	16%
Karate	0	12%
Dans	40	10,94%
Frjálsar	36	10,74%
Annað*	12	3,58%
<b>Samtals</b>	<b>335</b>	<b>100%</b>

\* Bandý, þrek, þrautabrautir, kíló, brennibolti, mótandi leikfimi, íslensk glíma, boltaíþróttir og borðtennis.

### c) Listgreinar

Svarendur voru beðnir að krossa við hvaða listgreinar væru kenndar. Meðal 50 sveitarfélaga sem svöruðu þessu kom fram að svo virtist sem nemendur nytu/nýttu þessara greina í minna mæli en íþróttar. Í töflu 9 sést hvaða möguleikar voru gefnir upp og hversu mörg sveitarfélög krossuðu við þá. Langalgengast er að nefna myndlist og þar næst leiklist. Önnur atriði eru fátíðari.

*Tafla 9. Kennsla listgreina í skólum (N=50).*

<i>Valmöguleikar</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Hlutfall</i>
Myndlist	49	58%
Leiklist	17	20%
Leikræn tjáning	14	16%
Ballet	0	0
Jassballet	0	0
Annað*	5	6%
<b>Samtals</b>	<b>85</b>	<b>100%</b>

\*Spuni, handmennt, saumar, smíðar, kvikmyndagerð og lífsleikni.

Einnig var spurt um annað sem skólinn býður nemendum upp á utan kennslu hefðbundinna greina. Aðeins tólf sveitarfélög svöruðu en allmikil fjölbreytni kom fram. Eftirfarandi atriði voru nefnd: Nemendur fara með kennurum á söfn, heimsóknir í fyrirtæki og ferðir út í náttúruna, umferðarfræðsla, vímuvarnarfræðsla, fræðsla fyrir foreldra sex ára barna, tölvunám, ljósmyndun, rafsuða og logsuða (málmsmíð), heimspeki, tungumálanám, Lions Quest, vélritun, heimanám, kór og leiklistarnámskeið.

Í þessum hluta var spurt hvort sveitarfélögin gætu greint frá öðrum aðgerðum í sveitarfélaginu sem teldust til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur. Meðal þeirra 16 sveitarfélaga sem svöruðu þessari spurningu var algengast að nefnd væru atriði sem tengjast skólamálum og stuðningi við foreldra. Af þessum svörum má sjá að mikil breidd er í starfseminni og þeim er vel lýst. Of langt mál yrði að tíunda hvert atriði og er látið nægja að draga saman það helsta.

Undir skólamál fellur t.d. að koma á hádegisstund í skólum þar sem nemendur matast, hvílast og eru að leik úti við, auka samstarf grunnskóla og tónlistarskóla, koma á fót mótuneyti í skóla, hafa skólagæslu í öllum skólum, heilsdagsskóli, auka sérfræðipjónustu og hafa einstaklingsráðgjöf í skólum og auka menntunartækifæri í dreifbýli. Undir stuðning, virkni foreldra og uppeldismál falla atriði eins og að virkja foreldraråd og ábyrgð foreldra, auka stuðning við nýbúa og fatlaða, bjóða upp á hjónanámskeið og uppeldismat. Nokkrir nefndu fjárhagslegan stuðning, skattamál auk tómstunda- og menningarstarfsemi.

### *Forvarnir og fræðsla*

#### *Aðgerðir sveitarfélagsins til að styðja fjölskylduna*

##### *1. Stendur sveitarfélagið að fræðslu um málefni fjölskyldunnar?*

Spurningunni svöruðu 46 sveitarfélög neitandi en 36 játandi. Þau sem svöruðu játandi voru beðin að sundurliða samkvæmt bundnum svarkostum með hvaða hætti fræðsla væri veitt. Algengast var að um væri að ræða fræðslufundi í leik- og grunnskólum. Oftast er það í grunnskólum en þó ekki alls staðar, þ.e. í 26 tilvikum. Einnig er gefið upp í 18 tilvikum að haldnir séu fræðslufundir á vegum félagsþjónustunnar. Þá var talsvert um að haldin væru námskeið innan þessara sömu stofnana en þó í helmingi færri tilvikum en fræðslufundirnir.

##### *2. Veitir sveitarfélagið íbúum sínum ráðgjafarþjónustu í málefnum fjölskyldunnar?*

Spurningunni um hvort veitt væri ráðgjöf til fjölskyldna svöruðu 37 sveitarfélög neitandi en 44 játandi. Aðspurðir greindu 35 svarendur frá því með eigin orðalagi hvernig sú þjónusta væri kynnt. Nokkur breidd var í svörunum eins og sjá má í töflu 10 hér á eftir en algengast var að fjölskyldur fengju slíka kynningu í viðtalstíma hjá ráðgjafa og eða að kynning færi fram á vegum félagsþjónustunnar. Þá voru einnig nefndir fjölmiðlar og bæklingar.

**Tafla 10. Kynning ráðgjafarþjónustu hjá sveitarfélögum (N=35)\*.**

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Viðtalstímar, hjá ráðgjafa	13	24%
Félagsþjónustan sér um kynningu	10	19%
Dagblöð, tímarit, fréttabréf, ársskýrslur, sjónvarp	9	16%
Gegnum aðrar stofnanir, t.d. skóla	8	15%
Bæklingar sendir í heimahús	6	11%
Bæklingar	5	9%
Fundir/kynningar	2	4%
Vefsíða	1	2%
<b>Samtals</b>	<b>54</b>	<b>100%</b>

\*Nokkur fleiri atriði voru nefnd sem ekki geta talist tengjast spurningunni.

### 3. Starfa eftirfarandi sérfræðingar hjá sveitarfélaginu?

Þessari spurningu svöruðu 63 sveitarfélög játandi en 18 neitandi. Þannig virðast um 77% svarenda hafa á að skipa starfandi sérfræðingum. Algengast er að félagsráðgjafar starfi hjá félagsþjónustu sveitarfélaganna en þeir veita einnig þjónustu í grunnskólum í nokkrum mæli. Sálfræðingar starfa oftast í leik- og grunnskólum en tengjast einnig félagsþjónustunni. Námsráðgjafar koma helst við sögu í grunnskólum. Í allnokkrum tilvikum er öðrum sérfræðingum að skipa í sveitarfélögum, sérstaklega á leikskólum og í grunnskólum. Er þá einkum um að ræða þroskaþjálfara, talmeinafræðinga, sérkennara og leikskóla- og grunnskólafulltrúa og -ráðgjafa (sjá töflu 11). Við liðinn aðrir sérfræðingar var óskað eftir frekari útskýringum og var þar nokkuð um að sveitarfélög skýrðu frá því að þau hefðu samvinnu við önnur sveitarfélög um aðgang að sérfræðingum.

**Tafla 11. Starfandi sérfræðingar hjá sveitarfélögum (N=63).**

Sérfræðingar	Leikskólar	Grunnskólar	Félagsþjónusta	Annað
Félagsráðgjafar	11 (18%)	21 (17%)	45 (44%)	3 (16%)
Námsráðgjafar	7 (11%)	33 (27%)	15 (15%)	3 (16%)
Sálfræðingar	28 (44%)	49 (39%)	32 (32%)	5 (26%)
Aðrir sérfræðingar	17 (27%)	21 (17%)	9 (9%)	8 (42%)
<b>Samtals</b>	<b>63 (100%)</b>	<b>124 (100%)</b>	<b>101 (100%)</b>	<b>19 (100%)</b>

### 4. Leggur sveitarfélagið áherslu á forvarnastarf?

Þessari spurningu svara 32 sveitarfélög neitandi en 49 játandi. Þau sem

svöruðu játandi voru beðin að sundurgreina samkvæmt bundnum svarkostum þau atriði sem þar kæmu við sögu. Langoftast var merkt við áfengis- og vímuefnavarnir auk slysavarna en nær öll sveitarfélögin merktu við þessi atriði.

Sáralítið er um að merkt hafi verið við önnur atriði en t.d. undirbúningur fyrir hjónaband var aðeins nefnt í einu tilviki. Þó vekur athygli að sex sveitarfélög nefndu rannsóknir og alls 14 tilnefndu annað með eigin orðum. Meðal annars sem þar var nefnt voru unglingaathvörf, félagsstarf aldraðra, stuðningshópar fyrir unglinga og foreldra í áhættu, íþrótt- og tómstundastarf, stuðningur við börn vegna félagslegrar stöðu, verkefni með SÁÁ og öðrum sveitarfélögum, styrkir til félagasamtaka, björgunarsveit, kirkja, sérverkefni, grunnskólar, Rauði kross Íslands, agi, vímuefni og íþróttir.

*5. Hefur sveitarfélagið samstarf við aðila sem tengjast málefnum fjölskyldunnar eða um fjölskylduráðgjöf?*

Þessari spurningu svöruðu tíu sveitarfélög neitandi en 71 játandi. Þannig sögðust um 85% sveitarfélaga hafa samstarf um þjónustu í fjölskyldumállefnum. Var óskað eftir sundurliðun um hvernig þessari samvinnu væri háttað og svöruðu því 60 sveitarfélög. Eins og sjá má í töflu 12 var merkt við fjölmörg atriði og langtíðast við heilsugæslu og foreldrafélög en einnig var algengt að merkja við ungmennafélög og önnur sveitafélög, svo og kirkju og kvenfélög.

**Tafla 12. Samstarf sveitarfélaga við aðila sem tengjast málefnum fjölskyldunnar (N=60).**

<i>Valmöguleikar</i>	<i>Fjöldi merkinga</i>	<i>Hlutfall</i>
Heilsugæsla	58	14,2%
RKÍ	18	4,4%
Skátastarfsemi	10	2,5%
Slysavarnarfélag Íslands	27	6,6%
Ungmennafélög	49	12,0%
Kirkjan	39	9,6%
Kvenfélög	36	8,8%
Sjúkrahús	19	4,7%
Íþróttafélög	36	8,8%
Önnur sveitarfélög	48	12%
Foreldrafélög	54	13%
Annað	17	3,4%
<b>Samtals</b>	<b>411</b>	<b>100%</b>

Við liðinn annað merktu 17 sveitarfélög og voru þeir aðilar nánar tilgreindir. Af stofnunum ríkisins var algengast að nefna Barna- og unglingsáæðdeild Landspítalans og Barnaverndarstofu ásamt Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Þá voru nefnd félagasamtök, ýmsar stofnanir, sérfræðingar, grunnskólar, Umferðarráð, svæðisskrifstofur málefna fatlaðra, skólaskrifstofur og óformlegir starfshópar.

*6. Annað sem mætti koma fram um aðgerðir eða annan stuðning sveitarfélagsins við barnafjölskyldur.*

Með þessari spurningu var sveitarfélögunum gefinn kostur á að greina frá öðrum aðgerðum eða stuðningi þeirra við barnafjölskyldur en það sem spurt hafði verið um beint. Aðeins 14 sveitarfélög eða 17% svöruðu spurningunni.

Svör þeirra voru af margvíslegum toga. Eftirfarandi var meðal annars nefnt: tótmstundastarf, félagsmiðstöðvar, lengd viðveru, stuðningur vegna barna í áhættu, fjölskylduráðgjöf, hópastarf/námskeið fyrir fjölskyldur í vanda, námskeið fyrir verðandi foreldra, námskeið fyrir foreldra um unglingsárin, fræðsla um fjölskyldumál, niðurgreiðsla þjónustugjalda, ókeypiss afnot af húsnæði, húsaleigubætur, fjölgun leiguíbúða, liðveisla, systkinaafsláttur, samstarf við lögreglu, útivistarreglur, leikhúsfærðir, dans, íþróttahús og uppbygging atvinnu.

*Almenn viðhorf til starfs fjölskylduráðs*


Að lokum var þess óskað að sveitarstjórnir létu í té skoðun sína á því í hvaða atriðum þær teldu æskilegt að fjölskylduráð beitti sér og í hvaða mæli áhugi væri á að fjölskylduráð ynni drög að fjölskyldustefnu til viðmiðs fyrir sveitarfélagið.

Fyrri spurningunni „Hvaða atriði leggja sveitarstjórnir til að fjölskylduráð beiti sér fyrir við mótun opinberrar fjölskyldustefnu?“ svöruðu 27 sveitarfélög eða um þriðjungur. Hugmyndir og tillögur sem fram komu voru á þriðja tug. Svörin voru flokkuð saman en í töflu 13 má sjá hver þau helstu voru. Greinilegt er að fæðingarorlofið er efst á baugi. Fast á eftir fylgir ósk um að beita sér fyrir aukinni ráðgjöf, fræðslu og stuðningi við fjölskyldur. Í nýu tilvikum er þetta nefnt sértækt en í nokkrum öðrum liðum felst einnig tenging við stuðning og ráðgjöf. Atriði sem nefnd voru auk þeirra sem fram koma í töflunni voru heildstæður/samfelldur skóli, kennsla og fræðsla um fjölskyldumál, bættar samgöngur o.fl.

**Tafla 13. Atriði sem sveitarstjórnir leggja til að fjölskylduráð beiti sér fyrir (N=27).**

Svar	Fjöldi	Hlutfall
Lengra fæðingarorlof (mæður og/eða feður)	12	16%
Aukin ráðgjöf, fræðsla og stuðningur við fjölskyldur	9	12%
Skattalöggjöf	7	9%
Styttri vinnutími	5	7%
Stuðningur til framhaldsnáms	5	7%
Sveigjanlegur vinnutími	4	6%
Aukinn stuðningur til sveitarstjórna	4	6%
Forvarnastarf í fíkniefnamálum	4	6%
Öruggt umhverfi barna	3	4%
Aukið tómsundastarf barna	3	4%
Aukið samstarf heimilis og skóla	2	3%
Hærri laun í landbúnaði	2	3%
Heildstæður skóli	1	1,3%
Markviss kennsla um fjölskyldumál	1	1,3%
Mótun fjölskyldustefnu	1	1,3%
Góðar samgöngur	1	1,3%
Fjölbreytt atvinnulíf	1	1,3%
Efling skólastarfs	1	1,3%
Efling þjónustu	1	1,3%
Jafnt aðgengi að leikskóla	1	1,3%
Fjölskylduvænni fyrirtæki	1	1,3%
Tengsl foreldra og barna og barnabarna	1	1,3%
Veikindi barna, aukinn réttur til orlofs	1	1,3%
Tími með börnum metinn að verðleikum	1	1,3%
Samþætting fjölskyldulífs og atvinnulífs	1	1,3%
<b>Samtals</b>	<b>73</b>	<b>100%</b>

Seinni spurningunni „Hefur sveitarfélagið áhuga á að fjölskylduráð vinni drög að fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélögin?“ svöruðu 75 sveitarfélög. Fram kom að um 80% sveitarfélaga hafa mikinn eða einhvern áhuga á að fjölskylduráð aðstoði sveitarfélögin með slíkri undirbúningsvinnu. Af mynd 1 hér á eftir má sjá skiptingu svaranna.



**Mynd 1. Áhugi sveitarfélaganna á að fjölskylduráð vinni drög að fjölskyldustefnu (N=75).**

## Samantekt og umræða

Hugtakið heildstæð fjölskyldustefna virðist ekki framandi fyrir íslenskum sveitarstjórnarmönnum. Þegar spurt er um mótun fjölskyldustefnu í sveitarfélögum má greina að nokkur þeirra hafa ljáð því talsverða hugsun og virðist full alvara í svörum sínum.

Í fyrsta hluta könnunarinnar var spurt um fjölskyldustefnu og aðgerðir, áherslur og viðhorf sveitarfélaga í þeim efnum. Fram kom að átta þeirra hafa þegar hafið undirbúning að mótun fjölskyldustefnu og nokkur vinna nú að gerð fyrsta áfanga. Af þeim sem svara segjast nær öll stefna að því á árinu 2000 eða næstu árum en nokkur segjast bíða eftir fyrirmynd. Í samræmi við þetta segjast sveitarstjórnir einnig gera ráð fyrir að ljúka gerð fyrst áfanga áætlanar á allra næstu árum. Svörin við spurningunum í þessum hluta benda til að meirihluti sveitarfélaga sé reiðubúinn að hefjast handa um mótun fjölskyldustefnu.

Í þessum hluta var einnig spurt um atriði sem lúta að lífsgæðum fyrir barnafjölskyldur og tengjast þannig hlutverki fjölskyldustefnu. Í þessu sambandi kom í ljós að þau atriði sem sveitarstjórnarmenn telja t.d. til kosta þess að búa í viðkomandi sveitarfélagi eru mjög einsleit, þ.e. skólamál eru langoftast nefnd og síðan æskulýðs- og íþróttastarf, ásamt gildi öryggis og nálægðar í litlu samfélagi. Má álykta að þetta séu þeir málaflokkar sem gefinn sé mestur gaumur að og mest ánægja sé með. Þegar spurt er um hvaða atriði menn telja að geti bætt stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu er einnig skýr forgangsröðun og einsleitni. Þá eru skólamálin enn efst á blaði en þar næst atvinnumál. Atriði sem áhersla er lögð á í skólamálum lúta að þjónustu og stuðningshlutverki skólans við fjölskyldur fremur en að athygli sé beint að gæðum skólastarfsins sem slíks. Atvinnumálin snerta atriði eins og styttri og sveigjanlegri vinnutíma, lengingu fæðingarorlofs og fjölbreyttari atvinnutækifæri. Atriði eins og menningar-, samgöngu- og umhverfismál ásamt ráðgjafarþjónustu og fjárhagsstuðningi hafa minna vægi. Hið síðastnefnda snertir meðal annars hækkun barnabóta og stuðning í fjölskyldusamskiptum.

Í öðrum hluta könnunarinnar var spurt um tengsl fjölskyldu- og atvinnulífs. Í því sambandi var reynt að varpa ljósi á hvernig aðstæðum og viðhorfum væri háttað sem snerta fæðingarorlof, sveigjanlegan vinnutíma, niðurgreiðslu á leikskólagjöldum og þjónustu innan skólans.

Sérreglur virðast almennt ekki vera fyrir hendi um fæðingarorlof fyrir mæður en athygli vekur að í þó nokkrum tilvikum njóta feður, og þá einkum kennarar, allt frá tveggja vikna til tveggja mánaða fæðingarorlofs. Hjá um helmingi þeirra sveitarfélaga sem svara, þ.e. 42, eiga starfsmenn kost á sveigjanlegum vinnutíma. Af nánari lýsingum á nýtingu þessa möguleika virðist sem hann sé

ekki mikið nýttur og fari fremur eftir eðli starfsins en fjölskylduhögum. Þó er í sjö tilvikum gefið upp að um geti verið að ræða hliðrun á átta tíma vinnudegi. Hins vegar kom í ljós að hjá 48 sveitarfélögum eiga foreldrar möguleika á sveigjanlegum vistunartíma fyrir börn sín á leikskólum. Talsvert virðist um að foreldrar geti valið bæði um lengd dvalartíma og hvernig eða hvenær tíminn er nýttur.

Hvað áhrærir vistunargjöld á leikskólum og fyrir barnagæslu virðist um helm-ingur þeirra sveitarfélaga sem svara niðurgreiða vistun hjá dagmæðrum og miða gjöldin við hjúskaparstétt og félagslegar aðstæður. Algengast er að einstæðir foreldrar fái niðurgreiðslu og þá oftast helmings lækkun. Námsmenn fá niðurgreiðslur í nokkrum tilvikum og einnig er nefnt að tekið sé tillit til systkinavistunar.

Þegar kemur að þjónustu innan skólans og viðurgjörningi við skólabörn segja 56 sveitarfélög að börnin eigi kost á máltíð á skólatíma, ýmist í formi heitra máltíða eða annarrar hressingar. Í nokkrum tilvikum er um heimavist að ræða og nefnd eru dæmi um að sérstakt tillit sé tekið til þess ef skóladagur er langur eða ef börn koma langt að. Talsvert er um útskýringar og rúmur helmingur til-tekur nánar um hvað annað sé að ræða en heitar máltíðir. Af þessu má álykta að sveitarstjórnir séu vel meðvitaðar um vægi þessarar þjónustu og hafi vilja til að gera sem best í þeim efnum.

Alls 53 sveitarfélög greina frá að tónlistakennsla, íþróttir eða listgreinar séu felldar inn í skólastarfið. Hins vegar virðist vera allmikil breidd í þessu starfi og þegar á heildina er litið virðist nýting góð á því sem býðst. Í þessu efni, líkt og með hina líkamlegu næringu, má álykta að sami skilningur sé á gildi þess fyrir fjölskyldur að sveitarfélagið komi til móts við andlegar og félagslegar þarfir skólabarna.

Öll atriðin sem spurt var um í þessum hluta snerta möguleika foreldra til að geta sameinað atvinnu- og fjölskyldulíf. Ráðningakjör og aðstæður á vinnu-stöðum annars vegar og aðbúnaður og þjónustutilboð til handa skólabörnum hins vegar fela jafnframt í sér möguleika til að draga úr mismunun gagnvart uppeldisskilyrðum barna í fjölskyldum. Úrræði og raunveruleg framkvæmd þjónustu er ef til vill ekki sem skyldi ef marka má af misgóða svörum í ein-stökum atriðum. Má jafnframt álykta eins og bent var á hér að framan að lesa megi mikilvægan skilning meðal sveitarstjórnamanna úr sjálfum svars-mátanum. Ályktuninni til styrktar er einnig að fulltrúar þeirra sveitarfélaga sem svara er allstór hópur og þeir leggja sig í líma við að lýsa mjög vel breiddinni í starfseminni innan skólans. Þannig er um leið verið að miðla ábyrgri og íhugulli afstöðu og leggja hugsun í þessi atriði.

Í þriðja hluta könnunarinnar var athygli beint að markvissum forvörnum og fræðslustarfi til stuðnings fjölskyldum. Nokkuð kemur á óvart hversu lítið er um fræðslustarf utan þess sem virðist nú viðtekið, þ.e. foreldrafundur í leik- og grunnskólum. Hins vegar segir meira en helmingur sveitarfélaga, eða 44 sveitarfélög, að kostur sé á fjölskylduráðgjöf og talsvert er lagt í að kynna hana. Fram kemur að það er gert með margvíslegum hætti, t.d. í viðtölum, með bæklingum og gegnum fjölmiðla. Einnig hlýtur það að teljast mikið framlag til fjölskyldumálefna að meirihluti þessara sveitarfélaga hefur á að skipa sérfræðingum eða hefur aðgang að þeim. Þannig eru gefnar upplýsingar um að félagsráðgjafar starfi einkum hjá félagsþjónustu sveitarfélaga og sálfræðingar einkum í skólum. Þó eru dæmi þess að félagsráðgjafar starfi í skólum og sálfræðingar hjá félagsþjónustu. Einnig koma aðrir hópar sérfræðinga til skjalanna og þá helst námsráðgjafar í grunnskólum. Þessu til viðbótar kemur fram að meirihluti sveitarfélaga nýtur samstarfs við fjölda opinberra stofnana utan sveitarfélagsins, svo sem Barnaverndarstofu, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, svæðisstjórn málefna fatlaðra og fjölda annarra sérhæfðra stofnana. Í þessum tilvikum er líklegt að frekar sé um greiningu, leiðbeiningar, samstillingu krafta og stuðning að ræða en beinlínis forvarnir. Slíkt samstarf og þau bjargráð sem í því felast hafa þó vitaskuld forvarnargildi.

Í þessum hluta kom einnig glögglega fram vilji sveitarfélaganna til að miðla af kostgæfni því sem gert er og segir það sína sögu um að ekki skorti áhuga þótt ekki hafi verið kostur á að þróa úrræði eða efla þjónustu sem skyldi. Að lokum þegar sveitarfélög voru spurð hvaða boðum þau vildu miðla til fjölskylduráðs um það hvað þau teldu mikilvægt að ráðið beitti sér fyrir svaraði um þriðjungur sveitarfélaga og kom fram mikil breidd í hugmyndum þeirra. Efst á blaði var bætt fæðingarorlof en það mál munu nú flestir vera sammála um að sé í höfn með nýrri og bættri fæðingarorlofslöggjöf. Þá var mikil áhersla á að stuðla bæri að aukinni ráðgjöf, fræðslu og stuðningi til fjölskyldna. Önnur atriði sem vógu þungt snertu skólamál, samræmingu atvinnu- og fjölskyldulífs en einnig aukinn stuðning við sveitarstjórnir.

Í ljósi þess sem síðast var nefnt þarf ekki að koma á óvart að lokaspurningunni, um hvort sveitarfélagið hafi áhuga á að fjölskylduráð vinni drög að fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélögin, svarar meirihluti, eða um 80% sveitarfélaga, að hann hafi mikinn eða einhvern áhuga á því.

Af þessari könnun og undirtektum við henni virðist óhætt að draga þá ályktun að mikill áhugi ríki meðal íslenskra sveitarfélaga um fjölskyldumálefni. Þau virðast í fyrsta lagi þegar hafa gefið talsverðan gaum að því að móta markvissa stefnu í málaflokknum. Í öðru lagi virðist nokkuð ljóst hvaða málaflokkum er leitast við að sinna, hvar skórinn kreppir og hvaða málum menn vilja skipa í fyrirrúm eins og fram kemur í samantektinni hér á undan. Í þriðja

lagi má sjá mikla bjartsýni og áhuga á málaflokknum, sem meðal annars endurspeglast í fjölbreytileika þjónustuúrræða og hugmynda en einnig í hinu jákvæða viðhorfi og væntingum um samstarf við fjölskylduráð.

**Viðauki I.**

### Spurningakönnun Fjölskylduráðs til sveitarstjórna

Spurningalistann er einnig hægt að sækja á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins: “[www.stjr.is/fel](http://www.stjr.is/fel)”, og senda í rafpósti (E-mail) eða eftir hefðbundnum leiðum. Ef óskað er upplýsinga eða aðstoðar við að svara spurningunum hafið þá vinsamlega samband við starfsmann ráðsins, Áslaugu Friðriksdóttur, eða Ingibjörgu Broddadóttur, deildarstjóra í félagsmálaráðuneytinu, í síma 560-9100. Það tekur u.þ.b. 30 mín. að svara könnuninni. Mikilvægt er upp á gagnsemi könnunarinnar að sveitarstjórnir svari fljótt og vel og skili svörum sínum eigi síðar en 20. september nk.

Vakin er athygli á að svör einstakra sveitarstjórna verða ekki birt ein og sér, en fjallað verður um ákveðna hópa og niðurstöður í heild.

Nafn sveitarfélags \_\_\_\_\_

Merkið við íbúafjölda sveitarfélagsins:

- 500 eða færri íbúar
- 501 – 1.000 íbúar
- 1.001 – 5.000 íbúar
- 5.001 – 10.000 íbúar
- 10.001 íbúi eða fleiri

I. hluti: Um fjölskyldustefnu  
Athugið að spurningarnar miðast einkum við *barnafjölskyldur*

1. Hefur sveitarstjórnin mótað fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið?

Nei  Já **Ef já, hvenær var hún samþykkt? \_\_\_\_\_**

ef svarið var "já" við spurningu 1, svarið næst spurningu 4.

2. Hefur sveitarstjórnin hafið undirbúning að mótun fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélagið?

Nei  Já **Ef já, þá hvenær var hann hafinn? \_\_\_\_\_**

3. Áætlið hvenær vinnu við fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu sveitarfélagsins hefist: \_\_\_\_\_

4. Áætlið hvenær vinnu við fyrsta áfanga heildstæðrar fjölskyldustefnu sveitarfélagsins lýkur: \_\_\_\_\_

5. Nefnið 3-4 helstu kosti þess að búa í sveitarfélaginu með tilliti til barnafjölskyldunnar.

---



---



---



---

6. Nefnið 3-4 atriði sem bætt gætu stöðu barnafjölskyldna í sveitarfélaginu.

---



---



---



---

II. hluti: Fjölskyldan og atvinnulífið  
Aðgerðir sveitarfélagsins til að bæta hag fjölskyldunnar

**Vinsamlega látið koma fram hvort sveitarstjórnin hefur gert sérstakar samþykktir eða sett sérstakar reglur um eftirtalin atriði er snerta málefni fjölskyldunnar. Aðeins er verið að leita eftir atriðum sem ganga lengra en almennt gildir í landinu.**

1. Gilda einhverjar sérreglur um fæðingarorlof mæðra sem vinna hjá sveitarfélaginu (t.d. lengra orlof eða betri launakjör, o.s.frv.)?

Nei

Já

**Ef já, hverjar:** \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

2. Gilda einhverjar sérreglur um fæðingarorlof feðra sem vinna hjá sveitarfélaginu (t.d. lengra orlof, betri launakjör, o.s.frv.)?

Nei

Já

**Ef já, hverjar:** \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

3. Eiga starfsmenn sveitarfélagsins kost á sveigjanlegum vinnutíma?

Nei

Já

**Ef já, útskýrið nánar (t.d. fyrir hverja og í hvaða mæli er það nýtt):**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

4. Eiga foreldrar kost á sveigjanlegum vistunartíma fyrir börn sín á leikskólum sveitarfélagsins?

Nei

Já

**Ef já, útskýrið nánar (t.d. fyrir hverja og í hvaða mæli er það nýtt):**

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

5. Greiða foreldrar sama vistunargjald á leikskólum í sveitarfélaginu óháð hjúskaparstétt?

Nei

Já

**Ef nei, útskýrið nánar:** \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

6. Niðurgreiðir sveitarfélagið vistunargjöld hjá dagmæðrum?

Nei  Já

**Ef já, útskýrið nánar (t.d. hversu mikið, fyrir hverja, o.s.frv.):**

---



---



---

7. Eiga grunnskólanemendur kost á máltíð í skólanum?

Nei  Já

**Ef já, krossið við hvers konar máltíðir og útskýrið ef við á:**

Heitar máltíðir  Aðrar máltíðir, útskýrið nánar:

---

8. Er eitthvað af eftirfarandi felld inn í stundaskrá grunnskóla?

a) Tónlistarkennsla, **greinið frá á hvaða hljóðfæri og hvaða stig eru kennd:**

---

b) Íþróttakennsla, **krossið við hvaða íþróttir eru kenndar:**

Fótbolti     Handbolti     Körfubolti     Sund     Dans  
 Blak     Badminton     Judo     Karate     Frjálsar    íþróttir  
 Fimleikar     Skák  
 Annað, hvað: \_\_\_\_\_

c) Listgreinar, **krossið í viðeigandi reiti:**

Myndlist     Leiklist     Leikræn tjáning     Ballet     Jassballet  
 Annað, hvað: \_\_\_\_\_

d) Annað **utan fastra greina, hvað?**

---



---



---

9. Ef vill, greinið frá öðru sem mætti koma fram um aðgerðir til hagsbóta fyrir barnafjölskyldur:

---



---



---



---



---

III. hluti: Forvarnir og fræðsla  
Aðgerðir sveitarfélagsins til að styðja fjölskylduna

1. Stendur sveitarfélagið að fræðslu um málefni fjölskyldunnar?

Nei  Já

**Ef já, krossið í töfluna hér fyrir neðan eftir því hvar og með hvaða hætti fræðslan fer fram.**

	Í leikskólum	Í grunnskólum	Innan félagsþjónustu	Annað (hvað?)
Fræðslufundir				
Námskeið				
Bæklingar				
Annað fræðsluefni				

2. Veitir sveitarfélagið íbúum sínum ráðgjafarþjónustu í málefnum fjölskyldunnar?

Nei  Já

**Ef já, hvernig er þjónustan kynnt?**

---



---



---

3. Starfa eftirfarandi (sjá töflu) sérfræðingar hjá sveitarfélaginu?

Nei  Já

**Ef já, krossið í töfluna hér fyrir neðan eftir því um hvaða sérfræðinga er að ræða.**

	Í leikskólum	Í grunnskólum	Innan félagsþjónustu	Annað*
Félagsráðgjafar				
Námsráðgjafar				
Sálfræðingar				
Aðrir sérfræðingar*				

**\*Ef merkt var við aðra sérfræðinga eða önnur svið en gefin voru upp, útskýrið nánar:**

---

4. Leggur sveitarfélagið áherslu á forvarnastarf?

Nei  Já

**ef já, krossið við viðeigandi málaflokka hér fyrir neðan:**

- |   |  |
|---|--|
| <input type="checkbox"/> Undirbúningur fyrir hjónaband          | <input type="checkbox"/> Áfengi                      |
| <input type="checkbox"/> Námskeið fyrir ungmenni sem gæta barna | <input type="checkbox"/> Önnur fíkniefni             |
| <input type="checkbox"/> Rannsóknir                             | <input type="checkbox"/> Slysavarnir                 |
| <input type="checkbox"/> Reykingar                              | <input type="checkbox"/> Annað forvarnarstarf, hvað: |
- 

5. Hefur sveitarfélagið samstarf við aðila sem tengjast málefnum fjölskyldunnar eða fjölskylduráðgjöf?

- Nei  Já

ef já, krossið við viðeigandi aðila hér fyrir neðan:

- |   |   |
|---|---|
| <input type="checkbox"/> Heilsugæslu              | <input type="checkbox"/> Kvenfélög          |
| <input type="checkbox"/> Rauði krossinn           | <input type="checkbox"/> Sjúkrahús          |
| <input type="checkbox"/> Skátastarfsemi           | <input type="checkbox"/> Íþróttafélög       |
| <input type="checkbox"/> Slysavarnarfélag Íslands | <input type="checkbox"/> Önnur sveitarfélög |
| <input type="checkbox"/> Ungmennafélög            | <input type="checkbox"/> Foreldrafélög      |
| <input type="checkbox"/> Kirkjuna                 | <input type="checkbox"/> Aðra aðila, hvaða: |
- 
- 

6. Annað sem mætti koma fram um aðgerðir eða annan stuðning sveitarfélagsins við barnafjölskyldur:

Að lokum:

Hvaða atriði leggur sveitarstjórnin áherslu á að Fjölskylduráð beiti sér fyrir við mótun opinberrar fjölskyldustefnu?

Teljið upp:

- 1.
- 2.
- 3.
- 4.

Hefur sveitarfélagið áhuga á að Fjölskylduráð vinni drög að fjölskyldustefnu fyrir sveitarfélögin til að nota sem viðmið fyrir sína vinnu?

Krossið við

- |                          |                          |
|--------------------------|--------------------------|
| <input type="checkbox"/> | <b>Mjög mikinn áhuga</b> |
| <input type="checkbox"/> | <b>Nokkurn áhuga</b>     |
| <input type="checkbox"/> | <b>Sama</b>              |
| <input type="checkbox"/> | <b>Lítinn áhuga</b>      |
| <input type="checkbox"/> | <b>Alls engan áhuga</b>  |





